




Tilkynningarskyldir sjúkdómar sumarið 2017

Kynsjúkdómar


Aukning á fjölda tilfella af lekanda, sárasótt og HIV-sýkingu heldur áfram það sem af er ári 2017 og fjöldi klamydíutílfella er svipaður og árin á undan.

Sárasótt

Sárasóttin sker sig þó úr en fjöldi greindra tilfella það sem af er ári er langt umfram það sem greindist undanfarin ár, sjá mynd 1. Það sem af er ári 2017 hafa 18 karlmenn (87%) og 10 konur greinst með sárasótt en hlutfallslegur fjöldi karla sem greinast með sjúkdóminn er svipaður og árin á undan. Meðalaldur sýktra er 33 ár (aldursbil 20–59 ár). Konur greinast einnig með sjúkdóminn en tvær þeirra hafa greinst í mæðravernd. Þetta bendir til þess að sjúkdómurinn, sem fyrst og fremst hefur verið tengdur karlmönnum sem hafa mök við karla, er tekinn að breiðast til kvenna, meðal annars á barneignaraldri. Þessi alvarlegi sjúkdómur getur m.a. valdið fósturskaða.



Mynd 1



Mynd 2

Efni:	bls.
Tilkynningarskyldir sjúkdómar sumarið 2017	1
Hópsýkingar sumarsins 2017	3
Viðbúnaður vegna kjarnorkuvár	5

Ritstjórn
Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Hrafnhildur B. Stefánsdóttir
Íris Marelsdóttir
Júlíana Héðinsdóttir
Kamilla Jósefsdóttir

Ritstjóri
Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

**Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir**

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 5101900
Bréfasími 5101920
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



HIV-sýking

Miðað við septembermánuð hafa 19 einstaklingar greinst af HIV-sýkingu á árinu, sjá mynd 2. Meðalaldur hinna sýktu er 36 ár (16–59 ára). Af þeim sem greinst hafa á árinu er ein kona og 11 eru af erlendu bergi brotnir (58%). Áhættuhegðun tengist sýkingu hjá samkynhneigðum í sjö tilfellum, fíkniefnaneytendum í fimm tilfellum og gagnkynhneigðum í fjórum tilfellum. Óvíst er um áhættuþætti í þremur tilfellum.


Hettusótt

Hettusóttarfaraldur sem hófst í apríl 2015 náði hámarki í júní það ár og fjaraði síðan út vorið 2016. Ekkert hefur borið á hettusótt fyrr en einn einstaklingur greindist í maí á þessu ári og fjögur önnur tilfelli í júlí. Þeir sem greindust nú í sumar voru á aldrinum 30–37 ára eða á svipuðum aldri og þeir sem greindust í faraldrinum 2015–2016. Fjórir af þeim fimm sem greindust nú í sumar voru óbólusettir en einn þeirra hafði fengið eina bólusetningu. Hvatt hefur verið til þess að allir sem fæddir eru eftir 1980 og eru óbólusettir láti bólusetja sig gegn sjúkdómnum.

Lifrabólga A

Lifrabólga A er nú orðin sjaldgæf á Íslandi. Þessi sjúkdómur var mjög algengur fram á miðja 20. öld hér á landi en þá dró mjög úr nýgengi hans. Undanfarin fjögur ár hefur enginn greinst með lifrabólgu A hér á landi en á þessu ári hafa fjórir einstaklingar greinst með sjúkdómnum, þrjár af þeim eru karlmenn sem hafa haft kynmök við aðra karlmenn. Tengjast þau tilfelli faraldri af völdum lifrabólgu A sem

Hettusótt á Íslandi 2015–2017



Mynd 3

gengur yfir í Evrópu um þessar mundir einkum meðal karlanna sem hafa kynmök við karlmenn. Lifrabólga A smitast um munn með saurmenguðum mat eða vökva og engin meðferð er til við sjúkdómnum. Besta fyrirbyggjandi meðferðin við lifrabólgu A er bólusetning auk þess að gæta að almennu hreinlæti við inntöku matar og vökva. Sóttvarnalæknir hvetur alla sem eru mikið á ferðalögum erlendis og sérstaklega karlmenn sem stunda kynlíf með karlmönnum að láta bólusetja sig. Lifrabólga A er yfirleitt hættulíttill sjúkdómur sem lagast án meðferðar en getur í stöku tilfellum valdið alvarlegum lifrarskemmdum.

Hægt er að fá bólusetningu gegn lifrabólgu A til dæmis á heilsugæslustöðvum. Til að fá bestu vörn þarf að gefa tvær sprautur með 6 mánaða millibili. Bólusetningin veitir vörn fyrir lífstíð.

Lifrabólga C

Í ársbyrjun 2016 hófst hér á landi opinbert átak gegn lifrabólgu C sem


mun standa yfir í þrjú ár. Landspítala var falin framkvæmd verkefnisins en aðalstarfsaðili er Sjúkrahúsið Vogur. Yfirumsjón með verkefninu hefur sóttvarnalæknir í umboði heilbrigðisráðherra.

Um 600 einstaklingar hafa nú hafið lyfjameðferð sem er um 70–80% þeirra sem taldir eru smitaðir hér á landi. Á fyrsta starfsári átaksins hafa um 95% þeirra sem klára meðferðina læknað. Meðferðin stendur í 12 vikur og aukaverkanir eru nær engar eða vægar, sem er mikil breyting frá þeirri meðferð sem áður var boðið upp á.

Berklar

Samtals sex einstaklingar hafa greinst með berkla það sem af er árinu 2017. Sóttvarnalækni var tilkynnt í lok ágústmánaðar síðastliðnum um smitandi lungnaberkla sem greindust á smitsjúkdómadeild Landspítala. Um er að ræða konu á fimmtugsaldri sem býr á Suðausturlandi og hefur ekki verið á ferðalagi erlendis. Uppruni smits er

óljós en Göngudeild sóttvarna og svæðislæknir sóttvarna á Suðausturlandi hafa málið til skoðunar. Óvenjulegt er að greina opna lungnaberkla um þessar mundir meðal ungra Íslendinga án þekktra áhættuþátta. Í september sl. var tilkynnt um annan Íslending með lokaða berkla í beini sem virðist tengjast áratuga gömlu smiti.



Hópsýkingar sumarsins 2017

Hópsýking af völdum nóróveiru meðal erlendra skáta

Þann 10. ágúst braust út hópsýking af völdum nóróveiru á meðal erlendra skáta sem dvöldust í sumarbúðum á Úlfjótuvatni. Alls var 181 einstaklingur, þar af nokkrir af starfsfólki á Úlfjótuvatni, fluttir í fjöldahjálparstöð í Grunnskólanum í Hveragerði til skjóls og aðhlyningar. Af þeim veiktist 81 einstaklingur og einkenni voru uppköst, magakrampar og niðurgangur. Tveimur dögum áður en hópsýkingin braust út mun einn skáti hafa veikst af iðrasýkingu.

Almannavarnir, í samráði við sóttvarnalækni, umdæmislækni sóttvarna, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Rauða krossinn tóku þá ákvörðun að koma upp fjöldahjálparstöð í Grunnskólanum í Hveragerði til að veita skátunum skjól

og aðhlyningu. Aðgerðastjórn viðbragðsaðila var staðsett á Selfossi á meðan hópsýkingin gekk yfir. Samráð viðbragðsaðila var aukið og áhersla lögð á vandaða upplýsingamiðlun til hlutaðeigandi og til almennings.

Niðurstöður rannsókna á vatnssýnum, sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tók á Úlfjótuvatni og sendi utan til greiningar, leiddi ekki í ljós vatnsmengun af völdum nóróveiru. Líkleg ástæða hraðrar útbreiðslu þessarar iðrasýkingar er hversu þröngt skátarnir bjuggu saman í búðunum á Úlfjótuvatni.

Hópsýking af völdum *Aeromonas hydrophila*

Tæplega 130 starfsmenn Háaleitisskóla-Hvassaleiti og Hörðuvallaskóla veiktust af iðrakveisu seinnipart ágústsmánaðar sl. sem talin var vera af völdum bakteríunnar *Aeromonas hydrophila*.

Bakterían ræktaðist í miklu magni í blaðsalati sem skólaeldhúsin keyptu frá MATA en salatið er innflutt frá Ítalíu og merkt „ópvegið“.

Sams konar salat var keypt af 35 öðrum viðskiptavinum en virtist ekki hafa valdið veikindum annars staðar en í þessum tveimur skólum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur taldi að ekki hafi verið nægur þvottur á salatinu í skólunum og gaf út sérstaka fréttatilkynningu vegna þess. Samráð hlutaðeigandi var aukið vegna þessa atviks og áhersla lögð á vandaða upplýsingamiðlun.

Hópsýking af völdum *Salmonella typhimurium*

Dagana 10.–24. ágúst sl. greindust átta einstaklingar með iðrasýkingu af völdum bakteríunnar *Salmonella typhi-*



murium sem er aukning á slíkum tilfellum umfram það sem vænta má. Að auki hafa tveir aðrir einstaklingar greinst nú í september. Flest þessara tilfella virðast af innlendum toga. Hópsýkingar af völdum *S. typhimurium* hefur einnig orðið vart í Noregi og Svíþjóð í ágúst og september sl. Mikilvægt er að kanna nánar skyldleika þessara baktería á Norðurlöndunum. Ekki hefur enn fundist skýring á innlendu tilfellunum. Sýkingar af þessum toga eru oftast matarbornar en í Svíþjóð hafa þær verið raktar til salami pylsu.

Hópsýking af völdum *Listeria monocytogenes*

Listeríasýking orsakast af bakteríunni *Listeria monocytogenes*. Bakteríuna má finna í ógerilsneyddri mjólk og afurðum hennar og í hráum fiski. Sýkingin getur verið skæð þeim sem eru með skert ónæmiskerfi, nýburum og eldra fólki.

Fyrsta tilfellinu af listeríasýkingu var lýst á Íslandi 1978. Árið 1997 var listeríasýking gerð tilkynningarskyld.

Fjöldi tilfella á árabílinu 1997–2016 var 19 eða u.þ.b. eitt tilfelli á ári að meðaltali en dreifingin ójöfn. Á árunum 2015 og 2016 greindist enginn með listeríu. Á þessu ári hafa hins vegar sex einstaklingar greinst með *Listeria monocytogenes*, þar af nýburi ásamt móður. Tveir eldri einstaklingar með undirliggjandi alvarlega sjúkdóma létust í maí og júní með þessa sýkingu og einn nýburi lést í ágúst. Rannsókn á orsökum þessara sýkinga stendur yfir.

Inflúensa á Landspítala


Samkvæmt upplýsingum frá sýkingavarnadeild og sýkla- og veirufræðideild Landspítala greindust í ágúst og september sl. níu einstaklingar með inflúensu. Af þessum sjúklingum voru þrír farþegar á skemmtiferðaskipi og voru þeir allir með inflúensu B, einn var á dönsku herskipi með inflúensu A(H3), fjórir tilheyrðu hópsýkingu af völdum inflúensu A(H3) á einni af deildum spítalans. Að auki greindist samstofna inflúensa hjá barni sem var lagt inn á Landspítala.

Um svipað leyti í fyrra greindust nokkrir einstaklingar með inflúensu A(H3) á Landspítala en hinn eiginlegi inflúensufaraldur skall þó ekki á fyrr en í árslok 2016. Fjöldi tilfella af inflúensulíkum einkennum veturinn 2016–2017 var heldur minni en árin á undan en

innlagnir á Landspítala af völdum sjúkdómsins var meiri en áður. Einn mælikvarði á þunga inflúensufaraldurs er þörfin á innlagningu á sjúkrahús vegna sjúkdómsins. Þessi mælikvarði endurspeglar því ekki alltaf fjölda inflúensulíkra einkenna í samfélaginu.

Enn annar mælikvarði á þunga faraldurs er hversu hátt hlutfall þeirra sem þurfa innlagnar við fá meðferð á gjörgæsludeild. Marktækt meiri líkur eru á því að sjúklingar með inflúensu þurfi á vist á gjörgæslu að halda í þeim árstíðabundnu faröldrum sem stöfuðu af svínainflúensu A (H1)pdm09 en þar sem inflúensa A(H3) réði ríkjum. Svínainflúensan getur því reynst sumum einstaklingum skeinuhætt.

Fjöldi innlagðra á Landspítala vegna inflúensu og fjöldi greindur með inflúensulík einkennum í heilsugæslunni



Mynd 5

Viðbúnaður vegna kjarnorkuvár

Í sumar vöruðu geislavarnir Noregs við því að umferð kjarnorkuknúinna herskipa og kaþbáta við strendur landsins væri að aukast. Norðmenn hafa af því tilefni skoðað hvort rétt sé að dreifa joðtöflum til strandhéraða landsins til að auka aðgengi þeirra ef til geisla-mengunar kæmi en joðtöflurnar geta komið í veg fyrir krabbamein í skjald-

kirtli hjá börnum og ungu fólki ef þær eru teknar í tæka tíð. Nokkur umræða skapaðist um viðbúnað hér landi ef til slíkra óhappa kæmi.

Eftir kjarnorkuslysið í Fukoshima í Japan árið 2011 ákvað sóttvarna-læknir að halda lager með joðtöflum hér á landi enda sýndi sig að tugir Íslendinga sem voru staddir í Japan á

þessum tíma gætu hafa þurft á slíkri meðferð að halda í fyrirbyggjandi skyni. Enda þótt Ísland sé fjarri öllum kjarnorkuverum getur ógn stafað af geislun frá skipum og kaþbátum í námunda við landið. Á Íslandi er birgðahald joðtaflanna miðlægt og verður dreift ef á þarf að halda samkvæmt fyrirráðum sóttvarnalæknis.



Árið 2008 var kjarnorkuknúna herskipið Pétur mikli stutt norðaustur af Íslandi og stefndi inn í íslensku efnahagslögsöguna. Skipið var byggt í lok síðustu aldar.

Mynd: [CYPLive](#)



Rússneski kjarnorkukaþbáturinn Dmitriy Donskoj var á leið meðfram ströndum Noregs í sumar eftir að hafa verið á æfingu í Eystrasaltinu. Kaþbáturinn er sá stærsti í heiminum og byggður á áttunda áratug síðustu aldar.

Mynd tekin í Danmörku: [NRK-Norska ríkissíónvarpið](#).